Skatturinn

## Fyrirtækjaskrá

**Hlutafélagaskrá - Samvinnufélagaskrá - Sjálfseignarstofnanaskrá - Firmaskrá**
Katrínartúni 6, 105 Reykjavík

# Vottorð úr fyrirtækjaskrá

**Sósíalistaflokkur Íslands**
**Póstfang:** Bolholti 6
105 Reykjavík

**Kt: 560914-0240**

**Lögheimili:** Bolholti 6
105 Reykjavík

**Útgefið:** 28.11.2023

**Dagsetning samþykkta er** 8.11.2023

**Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi þann 20.11.2023:**

| | |
|---|---|
| 110161-4099 | Gunnar Smári Egilsson, Smiðjustíg 12, 101 Reykjavík, *stjórnarformaður* |
| 080395-3109 | Karl Héðinn Kristjánsson, Suðurgötu 121, 102 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 150673-3729 | Sara Stef. Hildardóttir, Skjólbraut 10, 200 Kópavogur, *meðstjórnandi* |
| 060974-3309 | Laufey Líndal Ólafsdóttir, Álfheimum 34, 104 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 120797-2479 | Kristbjörg Eva Andersen Ramos, Brautarholti 7, 105 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 050567-4199 | Védís Guðjónsdóttir, Víðihlíð 34, 105 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 030592-2559 | Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sólvallagötu 80, 101 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 281063-2199 | Guðmundur Auðunsson, Ótilgreindu, 805 Selfoss, *meðstjórnandi* |
| 180386-2709 | Jökull Sólberg Auðunsson, Sólheimum 20, 104 Reykjavík, *meðstjórnandi* |
| 250559-4539 | Kári Jónsson, Nátthaga 14, 246 Suðurnesjabær, *varamaður* |
| 311081-2929 | Sæþór Benjamín Randalsson, Smiðjuvegi Efstaland, 200 Kópavogur, *varamaður* |
| 031166-2929 | Margrét Pétursdóttir, Hringbraut 63, 220 Hafnarfjörður, *varamaður* |
| 200358-3339 | Katrín Baldursdóttir, Einholti 2, 105 Reykjavík, *varamaður* |

**Framkvæmdastjórn:**

**Prókúruumboð:**
150673-3729 Sara Stef. Hildardóttir, Skjólbraut 10, 200 Kópavogur

**Endurskoðendur/skoðunarmenn:**

**Firmað rita:** Meirihluti stjórnar

**Tilgangur:** Tilgangur Sósíalistaflokks Íslands er að starfrækja sósíalísk stjórnmálasamtök sem vinna að því að almenningur nái yfirráðum yfir öllum meginstofnunum samfélagsins, að bæta lífskjör launafólks og lífeyrisþega, að efla frelsim, jöfnuð, jafnrétti, friðhelgi og samkennd í samfélaginu og að rækja ábyrgð gagnvart vistkerfum og auðlindum jarðar sem falla í skaut komandi kynslóða.

**Ísat flokkun:**
**94.92.0** Starfsemi stjórnmálasamtaka

**Rekstrarform:** Stjórnmálasamtök

Framkvæmdastjóri: Gunnar Smári Egilsson kt 1101614099

Skatturinn
Fyrirtækjaskrá

# Tilkynning um breytingu félagasamtaka í stjórnmálasamtök

**Skv. lögum nr. 162/2006**

| | |
|---|---|
| Nafn samtakanna Sósíalistaflokkur Íslands | Kennitala 5609140240 |
| Heimilisfang Bolholt 6 | |
| Póstnúmer 105 | Sveitarfélag Reykjavík |
| Netfang sosialistaflokkurinn@sosialistaflokkurinn.is | |

**Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi (dagsetning):** 20.11.2023

**Formaður stjórnar**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Gunnar Smári Egilsson | 1101614099 | gunnarsmari@sosialistaflokkurinn.is |

**Meðstjórnendur**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Sanna Magdalena Mörtudóttir | 0305922559 | sanna29@gmail.com |
| Karl Héðinn Kristjánsson | 0803953109 | karlhedinn@gmail.com |
| Sara Stef. Hildardóttir | 1506733729 | sara@sosialistaflokkurinn.is |
| Jökull Sólberg Auðunsson | 1803862709 | jokull@solberg.is |
| Laufey Líndal Ólafsdóttir | 0609743309 | laufeyolafs@gmail.com |
| Kristbjörg Eva Andersen Ramos | 1207972479 | kristbjorgeva@live.com |
| Guðmundur Auðunsson | 2810632199 | mummi@btinternet.com |

**Varamenn**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Katrín Baldursdóttir | 2003583339 | katrinbald58@gmail.com |
| Margrét Pétursdóttir | 0311662929 | gundog@mmedia.is |
| Kári Jónsson | 2505594539 | kstadir@gmail.com |
| Sæþór Benjamín Randallsson | 311081-2929 | bjmfoto@gmail.com |
| | | |
| | | |
| | | |

**Framkvæmdastjóri**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Gunnar Smári Egilsson | 1101614099 | gunnarsmari@sosialistaflokkurinn.is |

**Prókúruhafar**

| Nafn | Kennitala | Netfang |
|---|---|---|
| Sara Stef. Hildardóttir | 1506733729 | sara@sosialistaflokkurinn.is |
| | | |



Sjá bakhlið

**Firmaritun (skv. samþykktum)**

Firmaritun er i höndum meirihluta stjórnar

Staður og dagsetning Reykjavík 20.11.2023

**Með tilkynningunni þurfa eftirfarandi gögn að fylgja:**

- **Yfirlit yfir flokkseiningar og hlutverk þeirra**
- **Samþykktir samtakanna, undirritaðar af a.m.k. meirihluta stjórnar eða prókúruhafa**

**Meirihluti stjórnar skal undirrita umsóknina. Með undirritun er því jafnframt lýst yfir að þær upplýsingar sem koma fram í umsókninni séu réttar og þeir sem tilgreindir eru hafi rétt til að skuldbinda (firmaritun) samtökin að lögum.**

| Nafn | Kennitala |
| --- | --- |
| | |

**Tilkynningargjald 2.200 kr. - staðgreiðist eða greiðist inn á reikning: Skatturinn, kt. 540269-6029, reikningur 0515-26-723000. Kvittun þarf að fylgja.**

[redacted]RÆNT UNDIRRITAÐ
[redacted] Magdalena Mörtudóttir
[redacted]5922559
[redacted]20.11.2023 17:47:18
[redacted]a: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Laufey Líndal Ólafsdóttir
Kt. 0609743309
Dags. 20.11.2023 19:25:35
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Karl Héðinn Kristjánsson
Kt. 0803953109
Dags. 20.11.2023 18:12:39
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kristbjörg Eva Andersen Ramos
Kt. 1207972479
Dags. 20.11.2023 19:49:01
Ástæða: Undirritun

[redacted]RÆNT UNDIRRITAÐ
[redacted]ef. Hildardóttir
[redacted]6733729
[redacted]20.11.2023 17:01:03
[redacted]a: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jökull Sólberg Auðunsson
Kt. 1803862709
Dags. 20.11.2023 17:01:27
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Smári Egilsson
Kt. 1101614099
Dags. 20.11.2023 17:02:01
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Auðunsson
Kt. 2810632199
Dags. 20.11.2023 17:02:53
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Védís Guðjónsdóttir
Kt. 0505674199
Dags. 22.11.2023 11:21:01
Ástæða: Undirritun

**Fylgiskjal með eyðublaði 17.12**

Tilkynning um breytingu félagasamtaka í stjórnmálasamtök skv. lögum nr. 162/2006
Sósíalistaflokkur Íslands

Viðbótar stjórnarmaður í aðalstjórn:

Védís Guðjónsdóttir

Kt. 050567-4199

# Lög

**1. gr.**
**Heiti og heimilisfang.**
Stjórnmálasamtökin heita Sósíalistaflokkur Íslands. Sósíalistaflokkur Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálasamtaka. Heimilisfang Sósíalistaflokks Íslands og aðalstarfsstöð er Bolholt 6, 105 Reykjavík.

**2. gr.**
**Tilgangur samtakanna.**
Tilgangur Sósíalistaflokks Íslands er að starfrækja sósíalísk stjórnmálasamtök sem vinna að því að almenningur nái yfirráðum yfir öllum meginstofnunum samfélagsins, að bæta lífskjör launafólks og lífeyrisþega, að efla frelsi, jöfnuð, jafnrétti, friðhelgi og samkennd í samfélaginu og að rækja ábyrgð gagnvart vistkerfium og auðlindum jarðar sem falla í skaut komandi kynslóða.

Tilgangi þessu nær Sósíalistaflokkur Íslands meðal annars með því að bjóða fram í kosningum, jafnt til Alþingis sem og sveitarstjórnarkosningum. Tilgangi sínum hyggst Sósíalistaflokkur Íslands einnig ná með því að efla sósíalíska vitund og umræðu, starfa með undirokuðum hópum almennings og leita áhrifa innan stofnana samfélagsins eftir því sem kostur er.

**3. gr.**
**Skipulag samtakanna.**
Æðsta vald Sósíalistaflokks Íslands í mótun og framkvæmd pólitískrar stefnu er árlegt Sósíalistaþing sem nánar er kveðið á um í Skipulagi. Félagi getur á hverjum tíma aðeins setið í einni kjörinni stjórn (Framkvæmdastjórn, Félagastjórn, Baráttustjórn, Stjórnarráði eða Málefnastjórn).

Seta félaga í kjörinni stjórn útilokar viðkomandi ekki frá setu í slembivalinni stjórn (til að mynda Samvisku, Kjörnefnd eða Málefnahópum). Né heldur útilokar seta í einni slembivalinni nefnd setu í annarri slembivalinni nefnd. Þó skal nefndarmaður í Samvisku segja sig frá umfjöllun um ágreiningsmál sem viðkomandi er aðili að, og skal Samviskan ákveða hvort nauðsynlegt sé að viðkomandi víki alfarið úr nefndinni.

Hver félagi skal ekki sitja sem aðalmaður og varamaður lengur en tólf ár í hverri stjórn og ekki gegna formennsku í hverri nefnd lengur en átta ár. Félagi sem er ekki kjörgengur í eina stjórn af þessum sökum er áfram kjörgengur í aðrar nefndir.

**4.gr.**

**Aðild að samtökunum.**

Öllum er velkomið að ganga til liðs við Sósíalistaflokk Íslands, óháð kyni, uppruna, trú eða kynhneigð, með fyrirvara um heimild Samvisku til brottvísunar úr flokknum sem nánar er kveðið á um í Skipulagi.Félagar geta tilkynnt úrsögn úr flokknum með tölvupósti.

**5. gr.**

**Stjórn flokksins.**

Framkvæmdastjórn skal skipuð 9 félögum kjörnum á Sósíalistaþingi, til árs í senn. Einnig skal kjósa 4 varamenn. Framkvæmdastjórn fer með málefni flokksins milli Sósíalistaþinga. Framkvæmdastjórn skiptir með sér verkum og skal velja úr sínum röðum formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta Framkvæmdastjórnar.

Framkvæmdastjórn ábyrgist daglegan rekstur flokksins, hefur umsjón með heimasíðu og kynningarmálum, sér um fjármál flokksins, heldur utan um félagaskrá og skal safna saman fundargerðum og öðrum heimildum um ákvarðanir og starfsemi flokksins milli Aðalfunda. Framkvæmdastjórn er heimilt að kalla eftir aðstoð félaga og annarra við úrlausn einstakra verkefna eftir þörfum.

Framkvæmdastjórn er ábyrg fyrir að starfsemi flokksins sé í samræmi við Lög og Skipulag og er heimilt að skera úr um ágreining um ákvarðanir annarra stofnana flokksins (sem lýst er í Skipulagi) í samræmi við Lög og Skipulag. Ætíð má skjóta ákvörðunum Framkvæmdastjórnar til Samvisku svo sem kveðið er á um í Skipulagi.

**6. gr.**

**Endurskoðun reikninga.**

Framkvæmdastjórn velur endurskoðanda og/eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

**7.gr.**

**Breyting á samþykktum.**

Starfstímabil Sósíalistaflokks Íslands er almanaksárið. Á aðalfundi, sem haldinn er árlega á Sósíalistaþingi, skal gera upp árangur liðins árs.

Sósíalistaþingi er heimilt að efna til auka aðalfundar samkvæmt ákvæðum í Skipulagi og hefur hann sama vald og aðalfundur. Aðalfundur skal haldinn ár hvert og skal boðað til hans með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað.

Aðeins félagar hafa þátttökurétt í störfum Sósíalistaþings. Einfaldur meirihluti viðstaddra félaga ræður úrslitum mála.

Dagskrá Sósíalistaþings skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla Framkvæmdastjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning Framkvæmdastjórnar og annarra stjórna sem kveðið er á um í Skipulagi.
7. Önnur mál.

**8. gr.**

**Slit samtakanna.**

Ákvörðun um slit eða niðurlagningu Sósíalistaflokks Íslands skal tekin af tveimur aðalfundum og skal einfaldur meirihluti ráða. Seinni aðalfundurinn ráðstafar eignum flokksins.

**9.gr.**

Þar sem ákvæði þessa samþykkta segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 162/2006 um starfsemi stjórnmálsamtaka svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Lög þessi voru samþykkt á auka aðalfundi Dagsetning: 19.11.2023

**Undirritanir:**

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Laufey Líndal Ólafsdóttir
Kt. 0609743309
Dags. 22.11.2023 12:47:44
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Smári Egilsson
Kt. 1101614099
Dags. 22.11.2023 11:20:40
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Auðunsson
Kt. 2810632199
Dags. 22.11.2023 11:37:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sara Stef. Hildardóttir
Kt. 1506733729
Dags. 22.11.2023 11:39:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Karl Héðinn Kristjánsson
Kt. 0803953109
Dags. 22.11.2023 11:48:30
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kristbjörg Eva Andersen Ramos
Kt. 1207972479
Dags. 22.11.2023 11:16:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sanna Magdalena Mörtudóttir
Kt. 0305922559
Dags. 22.11.2023 11:17:09
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jökull Sólberg Auðunsson
Kt. 1803862709
Dags. 22.11.2023 11:18:39
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Védís Guðjónsdóttir
Kt. 0505674199
Dags. 22.11.2023 11:19:19
Ástæða: Undirritun

**Skipulag**

Sósíalistaflokkur Íslands ætlar sér að vera öflug fjöldahreyfing almennings og taka virkan þátt í baráttu hans fyrir frelsi, jöfnuði, jafnrétti og mannhelgi á öllum sviðum samfélagsins. Tilgangur eftirfarandi Skipulags er að stuðla að lýðræði, gagnsæi og valddreifingu í starfi flokksins enda verði það þannig bæði öflugt og verðugt markmiðum hans. Engin stjórnmálahreyfing er ónæm fyrir vandamálum á borð við klíkumyndun, leyndarhyggju og samþjöppun valds og er Skipulaginu jafnframt ætlað að setja þeim hömlur.

Ávallt skal hafa jafnrétti að leiðarljósi í störfum flokksins, hvort sem er í starfi stjórna eða við framkvæmd slembivals, en slembivaldir hópar skulu skipaðir kynjum jafnt. Skipulagið hefur stöðu flokkslaga.

**Sósíalistaþing**

Sósíalistaþing markar pólitíska stefnu Sósíalistaflokks Íslands út frá tillögum Málefnahópa og þiggja aðrar stofnanir flokksins umboð sitt frá því varðandi mótun og framkvæmd stefnu. Meirihluti greiddra atkvæða á Sósíalistaþingi ræður úrslitum mála, en atkvæðisrétt hafa viðstaddir félagsmenn.

Sósíalistaþing skal haldið minnst árlega og er um leið vettvangur árlegs Aðalfundar, eins og honum er lýst í Lögum. Sósíalistaþing getur tekið ákvörðun um að fresta framhaldi aðalfundarstarfa fram að tiltekinni dagsetningu á starfsárinu eins oft og þurfa þykir.

Sósíalistaþingi er heimilt að efna til opinnar dagskrár, bjóða ræðumönnum utan flokksins að taka til máls og nýta önnur tækifæri til að gera Sósíalistaþing að opinberum viðburði sem veki athygli á starfsemi Sósíalistaflokksins.

Að jafnaði skal Framkvæmdastjórn annast framkvæmd Sósíalistaþings (boðun, kynningu, útvegun húsnæðis, uppsetningu dagskrár o.s.frv.) en Málefnastjórn, Stjórnaráð, Félagastjórn, Baráttustjórn og Samvisku er einnig heimilt að boða til Sósíalistaþings af sjálfsdáðum þyki tilefni til og skal þá Framkvæmdastjórn vera þeim til liðsinnis.

Svo sem tilgreint er í lögum getur Sósíalistaþing boðað til Aukaaðalfundar, og gilda þá reglur Aðalfundar um hann.

**Framkvæmdastjórn**

Framkvæmdastjórn heldur utan um lög, skipulag og uppbyggingu flokksins og sér um öll málefni flokksins sem ekki er tekið fram í lögum, skipulagi eða samþykktum Sósíalistaþing að sé hlutverk annarra stjórna eða hópa innan flokksins. Framkvæmdastjórn heldur utan um slembival Kjörnefndar og Samvisku og styður við starf þessara hópa. Framkvæmdastjórn hefur eftirlit með uppbyggingu starfs innan flokksins og grípur inn í ef stjórnir verða óstarfhæfar og hefur eftirlit með að starf þeirra séu samkvæmt lögum flokksins, skipulagi og samþykktum Sósíalistaþings.

Framkvæmdastjórn heldur utan um starf samstarfshópa á borð við Umsjónarnefnd Sósíalistaþings, þar sem formenn og ritarar allra stjórna eiga sæti; Laga- og gagnanefnd þar sem ritarar allra stjórna sitja; og Fjárhagsráðs sem allir gjaldkerar skipa auk fólks sem sér um fjáraflanir.

**Málefnahópar og Málefnastjórn**

Til að styðja við stefnumótun flokksins starfar Málefnastjórn, en hún annast framkvæmd stefnumótunarvinnu á milli Sósíalistaþinga og í umboði þess. Málefnastjórn skipar slembivalda hópa félagsmanna („Málefnahópa“) sem vinna stefnudrög í einstökum málaflokkum. Málefnastjórn skal styðja við vinnu Málefnahópa með ráðum og dáð og leitast við að tryggja góð vinnubrögð og vandaða útkomu úr starfi þeirra.

Kosning Málefnastjórnar fer fram á Sósíalistaþingi. Skal hún skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum, og skal skipa formann, varaformann og ritara. Formaður boðar til funda. Framkvæmdastjórn skal vera Málefnastjórn til aðstoðar eftir því sem þörf krefur en hlutast ekki til um starf hennar umfram það sem samþykkt er á Sósíalistaþingi.

**Ráðuneyti og Stjórnarráð**

Þegar málefnastefna hefur verið samþykkt skal mynda sjö manna stjórn ráðuneytis um hvert málefni fyrir sig. Stjórn ráðuneytanna samanstanda af þremur fulltrúum úr slembivöldum málefnahópum og fjórum fulltrúum sem valdir eru á Sósíalistaþingi eða félagsfundum.

Hlutverk ráðuneytanna er halda uppi umræðu um viðkomandi málefni innan flokksins, standa fyrir fundum um málefnið, kynna málefnastefnuna út á við, laða fólk til þátttöku og starfs og undirbúa endurskoðun viðkomandi málefnastefnu af nýjum slembivöldum málefnahóp með því að viða að flokknum reynslu og þekkingu sem snertir viðkomandi málefni.

Stjórn hvers ráðuneytis skal velja sér formann, ritara og talsmann, ef þurfa þykir. Formaður hvers ráðuneytis, kallaður ráðuneytisstjóri, starfar með yfirstjórn ráðuneytanna, kallað Stjórnarráð, að því að byggja upp ráðuneytin og flytja á milli þeirra góða reynslu. Stjórnarráðið starfar í umboði framkvæmdastjórnar þar til ráðuneytin eru orðin í það minnsta tíu og reynsla komin á starf þeirra. Eftir það er Stjórnarráðið og ráðuneytin sjálfstæð eining innan flokksins sem heyra undir Sósíalistaþing.

**Sellur og Félagastjórn**

Sósíalistaflokkur Íslands leitast við að halda sem öflugustum tengslum við félagsmenn sína og styðja þá í reglulegri virkni og ábyrgðarstörfum innan flokksins. Til að anna þessu hlutverki skipar Sósíalistaþing Félagastjórn.

Félagastjórn starfrækir „Sellur“ sem félagsmenn á tilteknu búsetusvæði tilheyra sjálfkrafa. Félagastjórn virkjar, styður og mótar starf Sellanna eftir þörfum. Sellurnar efla tengsl flokksins við félagsmenn og nærsamfélög þeirra og skulu leitast við að halda reglulega fundi og bjóða þar nýja félagsmenn sérstaklega velkomna. Sellur skulu einnig leita leiða til að afla nýrra félagsmanna.

Heimilt er að varpa spurningum sem varða ákvarðanir flokksins til Sellanna.

Framkvæmdastjórn skal veita Félagastjórn aðgang að félagaskrá og upplýsa hana reglulega um skráningu nýrra félagsmanna.

Félagastjórn er kjörin á Sósíalistaþingi og skal skipuð 9 aðalmönnum og 4 til vara. Hún skiptir sjálf með sér verkum en skal hafa innanborðs formann, varaformann og ritara. Sósíalistaþing getur tekið ákvörðun um að úthluta fé til Félagastjórnar til að standa straum af kostnaði á borð við leigu

fundarhúsnæðis og kaffiveitingar. Skal þá Félagastjórn skipa sér gjaldkera, sem stendur skil á fjárhagsuppgjöri til gjaldkera Framkvæmdastjórnar.

**Baráttuhópar og baráttustjórn**

Félögum í Sósíalistaflokknum er heimilt að stofna sjálfstæða baráttuhópa á borð við Unga sósíalista, Sósíalíska femínista, Meistaradeild, Verkalýðsráð, Innflytjendaráð og Öryrkjaráð. Þessir hópar eru sjálfstæðir og starfa eftir eigin stefnuyfirlýsingum, geta ályktað í eigin nafni en ekki í nafni flokksins sjálfs.

Öllum er heimilt að stofna baráttuhópa en sækja þarf um heimild til framkvæmdastjórnar um stofnun þeirra. Hver hópur þarf að skipa fimm manna stjórn hið minnsta og skulu félagar í Sósíalistaflokknum sitja í stjórninni. Hana skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi eða meðstjórnendur og skulu þessi hlutverk tengjast inn í baráttustjórn flokksins (formaður, varaformaður), fjárhagsráð flokksins (gjaldkeri) og laganefnd flokksins (ritari).

Baráttustjórn flokksins er tengiliður baráttuhópanna við Sósíalistaþing og aðrar stjórnir flokksins og styður baráttuhópanna í starfi sínu og uppbyggingu. Í Baráttustjórn sitja formenn og varaformenn allra baráttuhópa sem hafa fengið heimild til starfa og kjósa stjórnarmenn sér formann, varaformann og ritara. Baráttustjórnin er sjálfstæð og heyrir ekki undir aðrar stjórnir flokksins en ber ábyrgð gagnvart grasótinni á Sósíalistaþingi.

**Samviska**

Sósíalistaþing skal skipa slembivalda nefnd félagsmanna, Samvisku, sem hefur það hlutverk með höndum að efla umræðu og vitund um réttindi og skyldur félagsmanna, vandaða starfshætti, góð samskipti, virðingu fyrir persónum og jafnrétti milli einstaklinga í starfi flokksins auk þess að skera úr um ágreiningsmál sem þar geta komið upp og falla utan verksviðs Framkvæmdastjórnar. Slík mál geta t.d. varðað meint afglöp stjórnarmanna í embætti eða meinta ósæmilega framkomu félagsmanns við aðra félagsmenn eða á opinberum vettvangi. Erindi til Samvisku skal senda á póstfangið: samviska@sosialistaflokkurinn.is

Samvisku er heimilt að eiga frumkvæði að samtali við félagsmenn um störf hennar, tilgang og viðmið og getur lagt fram drög að Siðareglum til samþykkis á Sósíalistaþingi. Að öðrum kosti skal Samviska hafa Lög, Skipulag og aðrar skriflegar samþykktir flokksins til viðmiðunar í ákvörðunum sínum en skal jafnframt hafa sanngirni, meðalhóf og skynsemi að leiðarljósi. Ákvarðanir hennar skulu studdar málefnalegum sjónarmiðum.

Samvisku er heimilt að sækja álit hjá sérfróðum einstaklingum og leita fyrirmynda annars staðar frá um hvernig best megi ná markmiðum hennar og tryggja farsælar úrlausnir ágreiningsmála.

Samviska getur, eftir atvikum, beitt eftirfarandi úrræðum:

Gagnvart meðlimum Framkvæmdastjórnar, Málefnastjórnar, Málefnahópa, Félagastjórnar og Kjörnefndar: Veitt skriflega áminningu, vikið úr embætti, og/eða vikið úr flokknum.
Gagnvart félagsmönnum: Veitt skriflega áminningu og/eða vikið úr flokknum.
Að jafnaði skal félagsmönnum ekki vikið úr flokknum nema að veittri a.m.k. einni áminningu.

Í Samvisku skal velja 30 nefndarmenn og teljast fundir hennar löglegir að viðstöddum 10 þeirra.

**Framboð, kjörnir fulltrúar, Kjörnefnd og Kjörstjórn**

Ákvörðun um framboð Sósíalistaflokksins til þings eða sveitarstjórna skal tekin af Sósíalistaþingi eða með skýru umboði þess. Skal þá taka til starfa Kjörnefnd skipuð slembivöldum félagsmönnum sem annast skipun framboðslista og í kjölfarið samskipti flokksins við kjörna fulltrúa. Í Kjörnefnd skulu skipaðir 30 nefndarmenn. Teljast fundir löglegir séu 10 þeirra viðstaddir.

Kjörnefnd skal samþykkja nánari útfærslu á vinnubrögðum sínum við skipun lista og samskipti við frambjóðendur. Við slembival í kjörnefnd fyrir Alþingiskosningar skal gæta þess að í nefndinni sitji fulltrúar úr öllum kjördæmum.

Kjörstjórn flokksins skipa fulltrúar úr öllum stjórnum hans; Framkvæmdastjórn, málefnastjórn, félagastjórn og baráttustjórn og stjórnaráði þegar þær stjórnir hafa tekið til starfa. Kjörstjórn vinnur með kjörnefnd og kynnir fyrir henni tilhögun kosningabaráttunnar.

**Kjörgengi til stjórnarsetu**

Félagsmaður getur á hverjum tíma aðeins setið í einni kjörinni stjórn (Framkvæmdastjórn, Félagastjórn, Baráttustjórn, Stjórnarráði eða Málefnastjórn). Seta félagsmanns í kjörinni stjórn útilokar hann ekki frá setu í slembivalinni stjórn (til að mynda Samvisku, Kjörnefnd eða Málefnahópum). Né heldur útilokar seta í einni slembivalinni nefnd setu í annarri slembivalinni nefnd. Þó skal nefndarmaður í Samvisku segja sig frá umfjöllun um ágreiningsmál sem hann er sjálfur aðili að, og skal Samviskan ákveða hvort nauðsynlegt sé að viðkomandi víki alfarið úr nefndinni.

Hver félagsmaður skal ekki sitja sem aðalmaður og varamaður lengur en tólf ár í hverri stjórn og ekki gegna formennsku í hverri nefnd lengur en átta ár. Félagsmaður sem er ekki kjörgengur í eina stjórn af þessum sökum er áfram kjörgengur í aðrar nefndir.